

Nd.

167. Frumvarp

til laga um bann við sölu og leigu skipa úr landi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bönnuð skal sala og leiga skipa út úr landinu.

Landsstjórnin getur veitt undanþágu frá banni þessu, ef alveg sjer-
stakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum frá 10 –200 þús. krónum.
Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.